

2. tbl. 29. árg. júní 2015

KRISTNIBOÐSFRÉTTIR

Fréttabréf Sambands Íslenskra kristniboðsfélaga

sik.is



KRISTILEGT SJÓNVARP Í TYRKLANDI

Meira en 50 milljónir manna í Tyrklandi og Mið-Asíu eiga þess nú kost að horfa daglega á kristilegar útvarpssendingar frá Sat-7.

Sat-7 er eina kristilega sjónvarpsstöðin í Tyrklandi og styður Kristni-þóðssambandið hana. Stöðin hefur fengið leyfi til að senda dagskrá sína í gegnum *Turksat 4a* gervihnött ríkissjónvarpsins. Viðbrögð áhorfenda hafa verið mjög mikil eftir að Sat-7 fór að senda út í gegnum þennan gervihnött. Fleiri hundruð áhorfendur hringja í stöðina í hverri viku eða skrifa tölvupóst til að láta í ljós gleði sína með útsendingarnar.

Sumir áhorfendur vilja oft vita meira um þættina og aðrir spyrjast fyrir um hvernig sé hægt að nálgast Biblíur eða tengjast kristnu samfélagi. Maður frá bænum Burdur skrifar stöðinni eftirfarandi: „Ég hef verið kristinn í 12 ár án þess að nokkur viti og beðið til Guðs. Ég bið alltaf í nafni föður, sonar og heilags anda. Samt sem áður hef ég aldrei hitt aðra trúaða. Nú get ég horft á sjónvarpsútsendingar ykkar og trúi ekki mínum eigin augum. Ég lofa Guð. Verið svo vinsamleg að koma mér í

samband við aðra kristna.“

Annar skrifar: „Ég horfi á útsendingar ykkar í símanum mínum. Mér finnst þið vera besta stjónvarpsstöðin vegna þess að ég læri um Guð í þáttunum ykkar. Takk, Guð, að þið eruð til.“

Starfsmaður sjónvarpsstöðarinnar, Özge Talas, segir að stöðin bendi fólki, sem spyr um Biblíur og kristið samfélag, á aðra kristna sem búa nálægt þeim.

(Heimild: Sat-7)



KRISTNIÞÓÐSFRÉTTIR

Fréttabréf Sambands Íslenskra kristniþóðsfélaga, SÍK. Blaðið Kristniþóðsfréttir segir frá kristniþóðsstarfi í Eþíópíu, Keníu, Kína, Japan og víðar um heim. Þar má lesa um útvarps- og sjónvarpskristniþóð sem SÍK styður í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku. Þá eru fréttir af heimastarfi félagsins, hugvekjur o.fl.

Bláðið kemur út fjórum sinnum á ári. Áskrift er ókeypis. Þeir sem hafa áhuga á að fá Kristniþóðsfréttir eru beðnir um að hafa samband við skrifstofu félagsins á Háaleitisbraut 58-60.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður er Kristín Bjarnadóttir. Prófkalestur sér Edda Ólafsdóttir um. Útlit og uppsetningu annast Hermann Ingi Ragnarsson. Prentun er í höndum Ísafoldarprentsmiðju. Útgefandi er Samband Íslenskra kristniþóðsfélaga (SÍK) oft nefnt Kristniþóðssambandið, Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík. Sími: 5334900.

Rafpóstur: sik@sik.is Vefslóð: <http://sik.is>

Formaður Kristniþóðssambandsins er Ólafur Jóhannsson.

Framkvæmdastjóri er Ragnar Gunnarsson.

HVAÐ ER KRISTNIÞÓÐ?

Kristniþóðar hafa reynt að hjálpa fólki, sem býr við hörmungar, fátækt, líkamlega og andlega vanlíðan með ýmsum hætti. Íslenskir kristniþóðar starfa í Afríkulöndunum Eþíópíu og Keníu og í Japan. Þar vinna þeir að alhliða fræðslu, hjúkrun, heilsuvernd og margs konar þróunarverkefnum svo sem umbótum í landbúnaði, verndun vatnsbóla og fleiru. Á tímum hungursneyðar taka þeir þátt í viðtæku hjálparstarfi og matvæladreifingu. Samhliða þessu er trúin á Jesú Krist boðuð. Hún veitir fólki nýjan styrk og lausn undan valdi illra afla. Trúin gefur nýja lífsvon.

Fjármögnun. Allt starf SÍK er fjármagnað með frjálsum framlögum velunnara og áhugafólks. Hægt er að gerast stuðningsmaður starfsins með föstum greiðslum eða með því að greiða inn á bankareikning félagsins (0117-26-2818 / kt. 550269-4149). Fjárhagsáætlunin er upp tæpar 70 milljónir á þessu ári.

Við þökkum fyrir gjafir til starfsins!

„VÉR ERUM LÝÐUR ÞINN OG GÆSLUHJÖRÐ“

Sálmur 100.3

Í Spádómsbók Jeremía er skrifað: „Svo segir Drottinn: [...] Með ævarandi elsku hef ég elskað þig. Fyrir því hefi ég látið náð mína haldast við þig.“ (Jeremía 31:3) Biblían segir okkur aftur og aftur frá því hvernig Guð varðveitti Ísrael jafnt á tímum gleði og sorgar. Guð slepti aldrei hendi sinni af þeim. Það er gott að vita sig ávallt falin góðum Guði í öllum aðstæðum. Það er góð víska sem gefur styrk og kraft á öllum stundum lífsins, jafnt á stundum ljóss og myrkurs.

Ísraelsþjóð hafði svo sannarlega margar ástæður til þess að efast um varðveislu Guðs, það lék svo sannarlega ekki allt í lyndi hjá Ísrael. Davíðssálmarnir bera ótta og kvíða Ísraels glöggvitni: *Hve lengi, Drottinn, ætlar þú að gleyma mér með öllu? Hve lengi ætlar þú að hylja auglit þitt fyrir mér? Hve lengi á ég að hafa beyg í brjósti, sorg í hjarta dag frá degi? Hve lengi á fjandmaður minn að hrósa sigri yfir mér? Lít til mín, svara mér, Drottinn, Guð minn* (Sálmur 13). En Ísrael hafði lært að í lífinu skiptast á skin og skúr, Ísrael vissi að tilveran hér á jörðu væri hverful. Ísrael hafði jafnframt lært af reynslunni að eitt breytist aldrei og það er ævarandi elska Guðs, hann er trúfastur jafnt á stundum ljóss og myrkurs. Hið sama reyndi Páll postuli í eigin lífi og þess vegna gat hann sat: „Ég er þess fullviss að hvorki dauði né líf, englar né tignir, hvorki hið

yfirstandandi né hið ókomna, hvorki kraftar, hæð né dýpt né nokkuð annað skapað muni geta gert okkur viðskila við kærleika Guðs sem birtist í Kristi Jesú, Drottinni vorum“ (Rómverjabréfið 8.38-39).

Lífið fer ekki alltaf eins og við kjósum. Tilvera okkar er fallvölt og lífið viðkvæmt. Áföll gera ekki boð á undan sér og geta kippt stoðunum undan lífi okkar á einu augnabliki. Við vitum að ekki er til uppskrift að lífi án sársauka og erfiðleika. Lífið er allt í senn fallegt og erfitt, það er undursamlegt og sársaukafullt. Það vitum við vel og kristin trú reynir ekki að telja okkur trú um nokkurt annað. Atburðir páskanna minna okkur á að við erum ávallt Guði falin, óendanlega dýrmæt í augum hans. Í heilagri skírn tekur Guð okkur að sér og lofar að vera með okkur, hann lofar að vera með kirkju sinni. Hann lofar að elska okkur með ævarandi elsku og það hefur hann sýnt með óbyggjandi hætti í Jesú Kristi.

Á páskum fögnum við upprisu Jesú Kristis frá dauðum, við fögnum sigri hans yfir synd og dauða, við fögnum sigri lífsins. Við fögnum sigri hans sem segir: „Ég er góði hirðirinn, góði hirðirinn leggur líf sitt í sölnar fyrir sauðina...“ og „...Hjarta yðar skelfist ekki, trúið á Guð og trúið á mig.“ Við fögnum hirði okkar, vini og bróður sem aldrei bregst. Við erum lýður hans og gæsluhjörð, hann er góði hirðirinn sem leggur

líf sitt í sölnar fyrir sauðina. Hann er ávallt nálægur jafnt á stundum ljóss og myrkurs. Guð, hefur í Jesú Kristi tekið okkur að sér og gert okkur að lýð sínum og gæsluhjörð. Jesús er góði hirðirinn, sem leggur allt í sölnar fyrir okkur, það sýnir hann með óbyggjandi hætti á krossinum. Hann hefur lofað að vera með okkur allt til enda veraldar, hann hefur lofað að vera með kirkju sinni. Hann er góði hirðirinn sem býður okkur hverju og einu að koma til sín og þiggja hvíldina og friðinn, sem hann einn getur gefið.

Lesandi góður þegar þú varst borinn til skírnar tók Guð þig að sér og lofaði þér því að vera með þér nú og um eilífið. Þú mátt vita að jafnt á stundum ljóss og myrkurs þá er hann með þér; „Sjá ég er með yður alla daga allt til enda veraldar“ (Mattesuarguðspjall 28.20).

Jón Ómar Gunnarsson,
prestur í Gleráarkirkju.



LÆRISVEINAR ERU KALLAÐIR TIL VERKA

„Eins og ég hef elskað yður skulu þér
einnig elska hvert annað.“

Við þekkjum öll síðustu orð Krists sem gjarnan eru nefnd skírnar eða kristni-boðsskipunin: „Allt vald er mér gefið á himni og jörðu. Farið því og gerið allar þjóðir að lærisveinum, skírið þá í nafni föður og sonar og heilags anda og kennið þeim að halda allt það sem ég hef boðið yður. Sjá, ég er með yður alla daga allt til enda veraldar.“

Það er tvennt í orðum Krists sem auðvelt er að gleyma: 1) Kristur velur að tala um lærisveina en ekki átrú-endur eða játendur og 2) hann hvetur okkur til að halda allt það sem hann hefur boðið okkur. Þetta tvennt helst í hendur og skiptir máli. Það er nefnilega sitthvort að vera átrúandi eða lærisveinn, átrúandinn getur, sannfærður í hjarta sínu, játað trú án þess að iðka eða koma nokkru af boðskap meistarans í verk. Viðkomandi getur þannig trúað að allt sem Jesús segir sé satt án þess að viðhafast nokkuð. Öðruvísi er farið með lærisveininn, lærisveinninn er nefnilega átrúandi og iðkandi í senn. Trúir ekki bara af hjarta því sem meistarinn kennir heldur iðkar og reynir eftir fremsta megni að halda allt það sem honum hefur verið boðað. Þess vegna talar Jesús um nauðsyn þess að gera alla að lærisveinum, því þar haldast í hendur trú og breytni, lærisveinar eru kallaðir

til verka.

Boðskapur Krists, andi hans og orð eru lífgefandi, skapa von, frelsa og umbreyta. Þess vegna starfar Kristniboðssambandið á Íslandi og þess vegna á kirkja Krists erindi við heiminn. Samfylgdin við Jesú og löngunin til að vera lærisveinn hans, gefur sáluhjálp og frið sem er æðri öllum skilningi. Leiðsögn Guðs virkar.

Ég hef alla vega ekki hitt neinn sem hefur tapað á því að tileinka sér Gullnu reglu Krists: „Allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður, það skulið þér og þeim gjöra.“ Að „þreytast ekki á að gera það sem gott er“ eða fara að fordæmi Maríu og velja góða hlutskiptið fremur en að mæðast í mörgu. Hverjum er ekki hollt að „sá í kærleika og uppskera í réttlæti“, „sigrast illt með góðu og láta ekki hið vonða yfirbuga sig“. Trúin getur líka skapað samhug og einingu: „að fagna með fagnendum, gráta með grátendum“, að vita mikilvægi þess að „já okkar sé já og nei okkar nei“ og hversu „sælla er að gefa en þiggja“.

Þegar öllu er á botninn hvolft snýst kristin trú um kærleikann. Að þiggja kærleika Guðs, standa í náðinni, kærleika Krists sem fellur aldrei úr gildi, kærleika sem er meiri og dýpri en nokkuð annað. Kærleika sem var dýru

verði keyptur á krossinum, en býðst okkur alveg frítt. Ég fullyrði að kærleikur krossins myndar dýpt sem við finnum ekki annars staðar.

Kærleikurinn í menningu okkar, hollywoodmyndum, glanstímaritum og samfélagsmiðlum birtist okkur gjarnan sem bleikt ský. Fullkomið áhyggjulaust líf, þar sem erfiðleikar eru ekki til, en konfekt, lúxusmáltíðir og spa-meðferðir drjúpa af hverju strái. Samfélagsmiðlarnir eru oft uppfyllir af, nær fullkomnum myndum, af fólki sem virðist svífa áhyggjulaust á bleiku skýi. Gleymum ekki að þessi mynd af kærleikanum er villandi og engan veginn raunsönn.

Sjaldnast er gert ráð fyrir mistökum og andstreymi, því bleika skýið birtir ekki brotakennt lífið, baslið og breiskleikann.

Það gerir hins vegar Biblían, hún veitir okkur innsýn í líf fólks með öllum sínum veikleikum og vöntun, annmörkum og afbrýðissemi. Góðu fréttirnar eru að hversu áhyggjufullt, illa áttað eða brotið fólk er þá missir það ekki verðgildi sitt í elskandi augum Guðs. Í kristinni trú sjáum við kærleikann birtast í veikleika, kærleikann sem samfylgd.

Kærleikurinn samkvæmt Kristi er að setjast niður með þeim sjúka, halda hughreystandi í höndina, heimsækja fangann, uppörva ekkjuna, fyrirgefa breyskleikann og biðja fyrir óvinum sínum. Mitt í brotinni veröld birtist von okkar í þeim Guði sem fagnar með fagnendum og grætur með grát-

endum. Guði sem þekkir áhyggjurnar, óttann og þjáninguna sem hann reyndi sjálfur á krossinum. Hlutverk okkar kristinna manna er að varpa áfram, láta endurskína, elsku Guðs inn í þennan heim, eins og segir í Jóhannesarguð-spjalli: „Eins og ég hef elskað yður skulu þér einnig elska hvert annað.“

Það er vegna þess sem Samband íslenskra kristniboðsfélaga starfar, þess vegna er kristniboð mikilvægt hérlandis sem erlendis, vegna Jesú

Krists sem þráir að eiga samfélag við okkur og vill að við gerum allar þjóðir að lærisveinum: allt í senn: átrúendum, játendum og iðkendum. Kirkja Krist á að vera hreyfing og samfélag sem berst fyrir bættum heimi, leitar leiðsagnar Guðs og einsetur sér að halda allt það sem Jesús Kristur boðar svo Guðsríkið breiðist út. Guð gefi okkur náð til að starfa þannig.

Guðni Már Harðarson,
prestur í Lindakirkju í Kópavogi.



GJAFAKORT KRISTNIBOÐSSAM BANDSINS
FÁST Í BASARNUM, AUSTURVERI
SIK.IS/GJAFAKORT



FÖSTUDAGSKLÚBBURINN



Í vetur byrjaði Kristniðóðssambandið nýtt barna- og æskulýðsstarf fyrir börn á aldrinum 10 til 15 ára. U.þ.b. 10 börn hafa komið saman annan hvern föstudag milli kl. 17:30 og 19 í kennslustofunni á 2. hæð á Háaleitisbraut 58-60. Samverurnar hafa verið á víxl við fjölskyldusamverur sem eru hina föstudagana í Kristniðóðssalnum. Börnin syngja kristilega söngva og biðja saman áður en þau hlusta á stutta hugleiðingu eða frásögu tengda starfi kristniðóðsins. Síðan er farið í leiki eða ýmis verkefni.

Haustið 2011 byrjuðu hjónin Helga Vilborg Sigurjónsdóttir og Kristján Þór Sverrisson, kristniðóðar, fjölskyldusamverur í Kristniðóðssalnum. Í upphafi voru haldnar samkomur fyrsta miðvikudag í mánuði sem hófust með mat kl. 18. Samkomurnar voru vel sóttar, oft milli 60 og 70 manns á öllum aldri. Árið 2012 var svo ákveðið að færa samverurnar yfir á annan hvern föstudag. Helga segir að fljótlega hafi myndast ákveðinn kjarni af um 8-10 fjölskyldum sem koma reglulega. Í þessum fjölskyldum eru börn á öllum aldri og þar á meðal nokkuð stór hópur af börnum 10 ára og eldri. Helgu langaði til að meira yrði gert fyrir þennan aldurshóp, að þau fengju biblíufræðslu og fræðslu um kristniðóð. Sjálf fékk hún skýra köllun til kristniðóðs á unga aldri.

Þegar Helga og fjölskyldan kom heim frá Eþíópíu saknaði hún svona starfs meðal barna og unglunga. Börn þeirra hjóna stunduðu nám við alþjóðlegan kristilegan skóla í Eþíópíu. Þar fengu þau mikla og góða kennslu í orði Guðs. Helga bað þess að einhver vildi taka þetta starf að sér og í vetur





hafa Leifur Sigurðsson, kristniðoði í Japan ásamt Hörpu Vilborgu R. Schram og Helga Guðmundssyni leitt starfið. Það var sérstaklega ánægjulegt að fá Hörpu og Helga með þar sem þau ná vel til barnanna. Um markmið starfsins segir Helga að í hennar huga sé aðaltakmarkið að börnin fái ung að kynnst starfi kristniðoðsins, fái köllun og hjarta fyrir því að taka virkan þátt í starfinu. Það er þannig sem við eigumst nýja kristniðoðsvini. Einnig að þau fái á lifandi hátt að kynnst og tileinka sér orð Guðs og eignist þannig góðan grunn í trúarlífinu.

Það er því mikilvægt að þetta nýja barna- og æskulýðsstarf nái að vaxa og eflast í framtíðinni því það getur orðið mikilvæg uppspretta endurnýjunar og nýliðunar fyrir Kristniðoðssambandið. Þrátt fyrir að kristniðoðið hafi ætíð átt mjög gott samstarf við þjóðkirkjuna og aðrar kristlegar hreyfingar þá hefur þörfin fyrir sjálfstætt æskulýðsstarf í nafni kristniðoðsins aldrei verið meiri en nú. Reynslan af KRUNG ferðunum (kristniðoðsferðir unga fólksins) hefur sýnt mikilvægi þess að kynna starf Kristniðoðssambandsins á þess eigin forsendum. Margir unglingar hafa öðlast nýja sýn og skilning á þessu mikilvæga starfi. Kristniðoðið stofnaði Biblíuskóla síðastliðið haust. Það er von og bæn Kristniðoðssambandsins að fjölskyldu- og barnastarfið, Biblíuskólinn og KRUNG ferðirnar geti stuðlað að endurnýjun kristniðoðshreyfingarinnar.

Leifur Sigurðsson



Í MINNINGU BENEDIKTS JASONARSONAR KRISTNIBOÐA

Benedikt Jasonarson lést í lok janúar en hann var fæddur árið 1928. Ungur að árum fékk hann köllun til að gerast kristniboði. Hann fór ásamt félögum sínum til Noregs og lagði þar stund á nám í guðfræði og kristniboðsfræðum. Benni, eins og hann var kallaður, náði mjög góðum tókum á tungumáli heimamanna. Hann var sem Epiópi á meðal Epiópa. En umfram allt var hann kristniboði sem bar frelsara sínum vitni með orðum sínum, afstöðu og verkum.

Benedikt og Margrét Hróbjartsdóttir, eiginkona hans, voru vígð sem kristniboðar og héldu til starfa í Konsó í Epiópíu árið 1957, á upphafsárum starfsins þar. Húsakostur var lítil og lélegur, svæðið mjög einangrað frá umheiminum þar sem vegakerfið var lélegt. Starfið var krefjandi og erfitt.

Starfstímabilin urðu fleiri í Epiópíu og kenndi Benni í biblíuskólanum í Gídole en Margrét sinnti hjúkrunarstörfum. Eitt starfstímabil voru þau í Senegal. Síðasti starfstíminn var á tíunda áratugnum í Konsó. Það var

jafnframt síðustu árin sem kristniboðar voru þar áður en starfið var alfarið komið í hendur heimamanna. Það fór vel á því, enda fékk Benni á sínum tíma viðurnefnið „faðir Konsó“ vegna þess hve mikinn þátt hann átti í því að ryðja brautina og leggja grunninn að nýrri framtíð, framtíð í nafni Jesú Krists meðal þjóðflokks sem tilbað Satan og var á margan hátt í fjötrum hins illa. Fjöldi fólks snerist til kristinnar trúar vegna þess að það sá með eigin augum að Jesús er sterkari en Satan. Benedikt og Margrét boðuðu heima- mönnum hinn krossfesta og upprisna frelsara Jesú Krist sem brýtur hlekki og leysir fjötra. Benedikt skipulagði starfið og lagði grunninn að vexti og viðgangi kirkjunnar auk þess sem sýn hans var skýr á mikilvægi uppfræðslu og þjálfunar heimamanna. Alltaf hafði Benni tíma til að ræða við samstarfsfólk, nemendur og aðra sem vildu fræðast og fá að vita meira.

Hér heima var Benedikt öflugur talsmaður kristniboðsins og góður



fræðari og prédikari. Hann sat um tíma í stjórn Salts ehf. útgáfufélags, m.a. með undirrituðum, og tengdist útgáfu nokkurra bóka enda bókamaður mikill. Stjórn Kristniboðssambandsins og vinir kristniboðsstarfsins þakka þjónustu hans á kristniboðsakrinum og á Íslandi og blessa minningu hans.

Ragnar Gunnarsson

SJÓVÁ



ÚTVARPSKRISTNIBOÐ

Rúmið hennar er þurrkuð bananablöð



Kristniboðssambandið styður mörg verkefni m.a. kristilegt útvarpsstarf, Norea Radio. Eitt verkefni Norea er hið svokallaða Hönnu-verkefni. Það einbeitt sér að því að hjálpa konum víðs vegar um heiminn. Hér kemur frásaga af góðum árangri verkefnisins í Epiópíu.

Durate situr á hækjum sér í fátæklegum kofa sínum. Hún getur ekki setið almennilega vegna þess að hún er með viðþolslausu kviðverki. Durate er ekkja auk þess að hafa misst þrjú af sjö börnum sínum. Hún vann myrkranna á milli á akrinum til að sjá fjölskyld sinni fyrir mat. Erfiðisvinna, margar barnsfæðingar og lélegt mæðraeftirlit leiddu til þess að hún þjáist af legsigi. Nú getur hún ekki unnið lengur. Hún er allslaus. Rúmið hennar er þurrkuð bananablöð á moldargólfi, veggir hússins úr greinum og leir. Hún og börnin hennar sáu enga leið úr örbirgðinni.

Durate er mjög einmana og hrædd. Samferðafólk hennar hefur ekki borið

mikla umhyggju fyrir henni. En þegar hún komst í kynni við Hönnu-verkefnið kynntist hún fólki sem lætur sér annt um hana. Það sýnir kærleika Jesú með því að gefa henni peninga, mat og föt. Það hefur einnig farið með hana á sjúkrahúsið í Havassa þar sem hún fær meðhöndlun við sjúkdómnum.

Hirut, sem vinnur hjá Norea, kynntist Durate. Hún sendi myndir og skrifaði: „Durate tók á móti Jesú sem vini og frelsara sínum. Líf hennar hefur breyst mikið frá því að við heimsóttum hana fyrst. Hún á gleði og frið þrátt fyrir hina sáru fátækt. Trúin á Jesú fyllir líf hennar gleði.“

Biðjum fyrir Durate sem sefur á bananablöðum, veit ekki hvað hún á að borða á morgun eða hvernig hún á að ná endum saman. Norea hjálpar mörgum konum. Þú sem styður þetta mikilvæga starf tekur þátt í stórkostlegu verki. Verum þakklát fyrir að eiga þak yfir höfuðið, rúm að sofa í og mat á borðið. Það er

ekki sjálfsgæður hlutur. Hjálpum fleiri konum eins og Durate, að þær fái hjálp til líkama, sálar og anda.

Konur heyra boðskap vonar í útvarpinu og þær heyra að þær séu dýrmætar. Dagskráin kallast *Von handa konum heimsins* og er send út til 120 landa og á 50 mismunandi tungumálum. Grundvöllur verkefnisins Hönnu er bænastarf. Bænanet, bænahópar og fyrirbiðjendur eru í yfir 120 löndum og tungumálin eru 70 sem notuð eru. Mánaðarlega eru gefin út bænaefni sem varða konur í heiminum. Og bænin megnar mikils.

Útvarpið er sá miðill sem nær til flestra í heiminum. Þrír af hverjum fjórum bændum í Afríku hafa aðgang að útvarpi á meðan aðeins þrír af hundraði hafa aðgang að netinu. 52% jarðarbúa eru yngri en þrítugir og 90% þeirra búa í þróunarlöndunum. Sam-einuðu þjóðirnar (UNESCO) leggja áherslu á ungt fólk og útvarp á árlegum útvarpsdegi ársins. Hönnu verkefnið leggur áherslu á að dagskráin *Von handa konum heims* nái til sem flestra.

(Heimild: heimasíða Norea og
Projekt Hanna frá facebook)



HEIMSÓKN TIL PÓKOT Í KENÍU



Þann 13. mars s.l. fór ég ásamt Ragnari Gunnarssyni framkvæmdastjóra SÍK til Keníu á slóð íslensku kristniboðanna í Pókothéraði. Við lögðum af stað frá Reykjavík snemma morguns og flugum til Kaupmannahafnar, þaðan til Schiphol flugvallar í Hollandi og um um kvöldið var flogið til Nairobi í Kenýa þar sem við lentum að morgni 14. mars. Dvöldum í tvo daga í góðu yfirlæti á Scripture Mission Conference Center í Nairobi, en hún er í eigu Norðmanna.

Að morgni 16. mars keyrðum við Ragnar frá Nairobi til Kapengúría sem er í Pókothéraði. Útsýnið og landslagið á leiðinni var víða mjög falllegt. Kapengúría var miðstöð dvalar okkar í Keníu, en þaðan fórum við í heimsóknir til ýmissa kirkna og skóla í Pókothéraði.

Skólarnir voru allir byggðir af Lútersku kirkjunni í Keníu með hjálp frá SÍK og ýmsum kirkjum á Íslandi og í Noregi. Þar sem þetta var mín fyrsta heimsókn til Keníu, þá voru allar ferðirnar sem við Ragnar fórum mjög athyglisverðar. Í þessari grein ætla ég þó aðeins að fjalla um ferð okkar til Cheparería og nýstofnaðra safnaða í norðurhluta Pókothéraðs.

Að morgni 20. mars lögðum við Ragnar af stað frá Kapengúría og komum til Cheparería upp úr hádegi sama dag. Þar fengum við höfðinglegar móttökur, þó sérstaklega Ragnar, en hann og konan hans Hrönn voru þar kristniboðar í nokkur ár. Skúli Svavarsson og Kjellrun Langdal voru fyrstu kristniboðarnir sem hófu störf og lögðu

grunn að starfinu í Cheparería. Eftir þeim komu Kjartan Jónson og Valdís Magnúsdóttir, þá Ragnar og Hrönn Sigurðardóttir. Síðar komu Salóme Huld Garðarsdóttir, Leifur Sigurðsson, Fanney Ingadóttir og Fjölur Albertsson.

Stuttu eftir komuna til Cheparería var haldin samkoma. Innfæddir töluðu, Ragnar prédikaði og ég hafði stuttan vitnisburð. Samkoman var mjög lifandi og kirkjan troðin af fólki. Fólkið söng mikið, klappaði og vitnaði um Drottin Jesú og þar á meðal söng unglingakór tvö til þrjú frábær lög mér til mikillar ánægju.

Í lok samkomunnar voru tvenn samskot. Fyrst gaf fólkið til kirkjunnar og vel passað upp á að enginn vissi hvað hver legði mikið í samskota-körfuna. Síðan voru önnur samskot þar sem markmiðið var að safna fyrir hljómborði. Þeir meðlimir kirkjunnar sem vildu gefa fóru í röð og síðan lagði hver sína fjárhæð í körfu fyrir framan prestinn, Tómas. Hann taldi fjárhæð hvers og eins og tilkynnti með tilprifum hvað hver og einn hefði lagt til og samkomugestir klöppuðu fyrir hverju framlagi. Ragnar lagði bleikt bindi fram til uppboðs sem Hrönn vildi ekki að hann kæmi með heim aftur. Samkomugestir buðu talsvert í bindið þar sem sumir vildu eignast það en aðrir að Ragnar fengi bindið aftur.

Eftir samkomuna var okkur boðið upp á hrísgrjón og kjúkling ásamt sætu tei. Margir vildu ná tali af Ragnari og biðu í röð til þess að geta tjáð honum vandamál sín og beðið hann um hjálp.

Það er athyglisvert og gleðilegt að sjá hve kirkjan í Cheparería hefur vaxið mikið síðan Skúli og Kjellrun byrju starfið. Mjög margir hafa komist til trúar á Jesú Krist. Prestar og prédikarar



kirkjunnar eru mjög virkir í að boða fagnaðarerindið og að kenna fólkinu að halda allt það sem Jesús Kristur boðaði. Núverandi kirkjuhús er orðið allt of lítið og rúmar ekki meðlimi kirkjunnar. Þeir eru því að byggja stóra kirkju sem rúma mun marga. Byggingin er langt komin. Þeir eiga þó eftir að steypa gólfið, setja í glugga og ganga frá skrifstofuhluta byggingarinnar.

Í viðbót við að kenna fólki og boða fagnaðarerindið um Jesú Krist er kirkjan mjög virk í að mennta börn og unglinga. Á lóð kirkjunnar eru tvö hús sem hýsa grunnskólann og þar stutt frá eru önnur tvö hús sem hýsa framhaldsskólann.

Kirkjan er einnig virk í að hjálpa þeim sem minna mega sín og hefur byggt húsnæði fyrir ungar stúlkur sem hafa misst annað eða báða foreldra sína eða eiga á hættu að verða seldar í hjónaband eða misnotaðar kynferðislega. Kirkjan hefur einnig byggt húsnæði fyrir unga piltar sem eiga í erfiðleikum. Þetta unga fólk býr í húsunum, fær mat og menntun og fræðslu úr orði Guðs.

Lúterska kirkjan í Cheparería og aðrar kirkjur í Pókothéraði eru einnig mjög virkar í að boða fagnaðarerindið um Jesú Krist. SÍK styrkir fjóra prédikara sem vildu sýna okkur Ragnari það nýjasta í útbreiðslu kristinnar trúar í Pókot. Þeir fóru fyrst með okkur til þorpsins Kalodeki sem er í norðurhluta Pókot, við landamæri Keníu og Úganda. Síðan fórum við í þorpið Chesspen sem er við landamæri Pókotshéraðs og Turkana-héraðs. Þriðja þorpið sem við heim-



sóttum heitir Loperot og er nokkuð miðsvæðis í Pókot. Leiðin til allra þessara staða var torfær þar sem vegirnir voru mjög slæmir. Móttökurnar á öllum þessum stöðum voru frábærar. Konur og börn tóku á móti okkur með söng og bumbuslætti og hlupu með bílnum síðasta spölin að samkomustöðunum. Samkomurnar voru allar í rjóðri, undir tré og berum himni stutt frá þorpunum. Sætin voru trébolir sem hafði verið raðað kringum samkomusvæðið. Samkomurnar voru mjög líflegar. Fólkið söng mikið, klappaði, hoppaði og vitnaði um trú sína á Jesú Krist. Ragnar og biskupinn í Pókot töluðu á öllum samkomunum. Á samkomunni í Loperot var spilað á hljómborð sem var tengt rafgeymum. Mér fannst þetta tímanna tákn um að nútíma tækni væri á hraðleið inn í Kenískt samfélag.

Eftir að hafa verið þátttakandi í fjölmennri samkomu í Cheparería og í framangreindum þorpum ásamt samkomum í öðrum bæjum sem við

heimsóttum, þá fannst mér dálítið óraunverulegt að fyrir nokkrum áratugum hefði enginn kristinn og engin kirkja verið í Pókot í Keníu. Þetta byrjaði allt með að ung hjón hlýddu kalli Drottins, fóru til Pókot á vegum SÍK. Síðan fylgdu fleiri kristniboðar sem þjónuðu og héldu áfram að sá orði Guðs í trausti til Drottins Jesú. Þeir sáðu og Drottinn Jesús gaf ávöxt sem ég var vitni að í ferð minni til Keníu.

Hermann Bjarnason



NÝJAR ÁHERSLUR Í STARFINU Í JAPAN

Á undanförunum árum hefur borið á nokkurri spennu milli kristniboðsins (Norska Kristniboðssambandsins, NLM) og innlendu samstarfskirkjunnar í Japan (WJELC) varðandi stefnu og áherslur í starfinu. Erfitt hefur verið að fá presta til að þjóna í þeim rúmlega 40 söfnuðum sem eru í Vestur-Japan. Umsóknum um skólavist í presta-skólann í Kobe hefur fækkað mjög á undanförunum árum og sumir söfnuðir hafa ekki efni á að ráða prest til starfa því hefur kirkjan sótt fast eftir því að kristniboðið hlaupi undir bagga og skipi kristniboða til prestsstarfa. Þetta var neyðarúrræði en er orðin regla fremur en undantekning. Nú fer dýrmætur tími margra kristniboða í að undirbúa sunnudagsprédikanir og annað safnaðarstarf.

Báðir aðilar gera sér grein fyrir að þetta er ekki æskilegt, en það hefur reynst mjög erfitt að breyta þessu. Allir þrá að sjá öflugan innlenda kirkju sem hefur bolmagn til að vaxa á heilbrigðan hátt, en því miður hefur neikvæður kirkjuvöxtur verið raunveruleiki fyrir flestar kirkjudeildir í Japan á undanförunum árum. Söfnuðir eru flestir litlir og ekki er óalgengt að um 15-20 manns komi í guðsþjónustur. Aldurssamsetning japönsku þjóðarinnar hefur breyst mikið undanfarna áratugi, eldri borgurum hefur fjölgað mjög og nú eru yfir 50.000 manns eldri en 100 ára. Á sama tíma hefur fæðingum fækkað gríðarlega, en fæðingartíðni í Japan er með því lægsta sem gerist í heiminum.



Rokkoeyjan þar sem Leifur og fjölskylda munu búa.

Reiknað er með að á næstu 100 árum muni japönsku þjóðinni fækka um tvo þriðju. Þetta endurspeglast vel í söfnuðum WJELC enda eru flestir safnaðar-meðlimir vel yfir 50 ára.

Norska kristniboðssambandið (NLM) hefur nú tekið af skarið og samþykkt mikilvæga breytingu á störfum kristniboðanna. Á árlegri kristniboðsráðstefnu sem haldin er á vorin var ákveðið að reyna að ná meira til yngra fólks – á menntaskólaaldri og eldri. Barna- og æskulýðsstarf og starf meðal háskólastúdenta býður upp á mörg vannýtt tækifæri. Margt ungt fólk veltir fyrir sér tilgangi lífsins – um 85% unglinga finnst lífið ekki hafa neinn tilgang og um 11% óska þess að þeir hefðu aldrei fæðst (Gallup, 2006). Ef kirkjan á að vaxa og endurnýjast í framtíðinni verður að efla boðunar-

starf meðal ungs fólks en aðeins einn norskur kristniboði, Inger Valbø, tekur beinan þátt í því á meðal háskólanema. Hún býr í Matsue í Shimane héraði og er í nánú samstarfi við Kristilega stúdentafélagið í Japan (KGK). NLM hefur einnig haft uppi hugmyndir um að hefja tjaldgjörðarkristniboð í Japan. Þó að möguleikarnir séu vissulega fyrir hendi er ljóst að einhvern tíma mun taka að byggja upp tengslanet inn í t.d. háskóla. NLM hefur einnig hugleitt að stofna fyrirtæki í Japan sem lið í þessari fyrirætlun. Ef þessar hugmyndir verða að veruleika munu vonandi fleiri tækifæri skapast til að boða japönsku þjóðinni fagnaðarerindið um Jesú. En hafa verður hugfast að kristniboðið starfar með innlendri kirkju og ákvarðanir þarf að taka í samvinnu við hana.

Leifur Sigurðsson

AF GÖTU Í SKÓLA — GÓÐAR FRÉTTIR

Marit Bakke stofnandi samtakanna My sisters í Addis Abeba sendir kristniboðsvinum bréf með nýjum fréttum af verkefninu Af götu í skóla.

Ég vil gjarnan byrja á að þakka öllum sem hafa stutt starf samtakanna My sisters (Systur mínar) fjárhagslega og á þann hátt gert okkur kleift að hjálpa mörgum börnum og fjölskyldum þeirra. Um leið og ég þakka ykkur langar mig að fullvissa ykkur um að peningunum er vel varið. Það er ánægjulegt að fara yfir bókhaldið og sjá hversu miklu peningarnir koma til leiðar. Þá er einnig ánægjulegt að hitta marga sem eru þakklátir fyrir hjálpina sem þeir fá og starfsmennina sem eru áhugasamir og ánægðir í vinnunni. Þeir eru samviskusamir og hugmyndaríkir um hvernig best sé að standa að kennslunni, dagheimlinu, heilsugæslunni, félagslegu aðstoðinni, stjórnuninni og viðhaldinu. Þeir eru stoltir af vinnu sinni. My sisters njóta trausts og velvilja yfirvalda sem nýlega rannsökuðu starfsemina og gerðu nýjan þriggja ára samning við samtökin. Ríkið fylgist vel með starfi hjálparsamtaða því oft er misjafn sauður í mörgu fé. My sisters keyptu nýlega lóð fyrir skólabyggingu við hlið þeirrar sem samtökin eiga fyrir og nú er beðið eftir byggingarleyfi svo hægt sé að hefja framkvæmdir. Gleði og bjartsýni ríkir.

SÓLSKINSSAGA

Kona nokkur gekk að mér og faðmadi mig þar sem ég gekk á götunni. Mér brá því hún kom aftan að mér.

Ég ætlaði ekki að þekkja konuna sem geislaði af gleði. Þetta var Morash. Við létum iðulega leggja hana inn á spítala hér á árum áður vegna geðveiki. Líf hennar var helvíti á jörð þar sem hún ráfaði um í eigin heimi. Fólk forðaði sér þegar það sá hana. Ókunnugt fólk vorkenndi dóttur hennar og rétti henni hjálparhönd. Stúlkan var bara á fjórða ári þegar hún var misnotuð kynferðislega. Þá var komið með hana til My sisters og við kynntumst mæðgunum. Lífi þeirra varð ekki breytt á svipstundu. Seble litla þurfti að gangast undir nokkrar aðgerðir og tilraunir voru gerðar með lyf handa móðurinni sem fór út og inn af geðdeild. En með þolinmæði, kærleika og hugkvæmni hefur leiðin legið upp á við allan tímann. Á meðan móðirin dvaldi á geðdeild sáu My sisters til þess að telpan fékk öruggan samastað og góða umönnun. Æska hennar var ekki eins og best verður á kosið en hún ber ekki varanlegan skaða. Skólinn varð hennar hæli. Hún varð strax duglegasti nemandinn í bekknum og átti sér stóra drauma. Hún vann sig í álit og varð með tímanum afskaplega falleg. Ég losaði mig úr faðmlagi Morash og horfði á hana. Hún hafði sannarlega breyst og var orðin frísk. Von var á dóttur hennar, Seble, í heimsókn en hún nemur viðskiptafræði við háskólann í Bahr Dahr. Kæru vinir. Starfið ber ávöxt. Morash og Seble eru

aðeins tvær af mörgum sem My sisters hafa hjálpað. Þakka þér sem ert með!

MARIT ÞAKKE

Fjórtán af styrktarfjölskyldum Kristniboðssambandsins geta nú staðið á eigin fótum. Önnur börn og fjölskyldur þeirra fá því aðstoðina frá Íslandi. Hægt er að vera styrktaraðili að verkefninu Af götu í skóla og greiða mánaðarlega kr. 3.500. Fleiri geta bæst í hóp þeirra sem fyrir eru því nóg er af börnum sem þurfa hjálp svo þau lendi ekki í betli á götum borgarinnar Addis Abeba. Nýjar myndir af börnunum, sem Íslendingar styðja, er hægt að nálgast á skrifstofu Kristniboðssambandsins á Háaleitisbraut.

KB



Mæðgurnar, Morash og Seble.



Marit Bakke ásamt nokkrum starfsskonum My sisters í Addis Abeba.

KRISTNIBOÐ Í MALÍ

Sveinn Einar Friðriksson Zimsen er, ásamt norskri eiginkonu sinni, Anítu, kristniboði í bænum Narena í Malí í Vestur-Afríku. Sveinn Einar sendi Kristniboðsfréttum eftirfarandi bréf:



Komið þið sæll

Margt hefur gerst síðan ég skrifaði kristniboðsvinum á Íslandi síðast. Við komum tilbaka til Malí í byrjun mars eftir þriggja mánaða fjarveru. Við fórum til Noregs til að Aníta gæti fætt barn okkar þar. Davíð kom í heiminn þann 16. janúar í Stavanger. Við fórum þremur vikum fyrr til Noregs en ákveðið var vegna þess að sjúkrahúsið í Bamako var lokað vegna ebólufaraldursins. Ekki er vitað um neinn ebólusjúkling í Malí núna og sjúkrahúsið er opið. Staðan í nágrennalöndum okkar er betri þó að hættan sé ekki alveg liðin hjá.

ÞURRKAÐ OG HITI

Það er þurrt í Malí núna, allt gras er

sviðið og rykið er mikið og það er mis-kunnarlaust og leggst á allt sem á vegi þess verður. Það er líka heitt, um 43 gráður á daginn og við þökkum fyrir ef hitinn fer undir 30 gráður á nóttinni. En húsið okkar er smíðað með það fyrir augum að vindurinn blási í gegnum það og við fáum trekk í húsið. Við sofum uppi á þaki þessa dagana, þar fer vel um okkur og við nýtum allan þann vind sem kemur.

Rigningartíminn í sumar var allt of stuttur og það rigndi miklu minna en venjulega. Það er alvarlegt vandamál fyrir fólkið í Narena. Brunnurinn okkar er tómur og sömu sögu er að segja um flesta brunna í Narena. Fólk þarf að fara eldsnemma af stað að einni af tveimur vatnspumpum í þorpinu til að

reyna að komast að. Við höfum reynt að taka með okkur eins mikið vatn og við komum í bílinn þegar við höfum verið í Bamako, annars getum við náð í vatn í Sibi, bæ sem er 50 km frá Narena.

MIKIÐ AÐ GERA UM PÁSKANA

Árlegt þverkirkjulegt mót Malínkeem-anna, sem við störfum á meðal, var haldið vikuna fyrir páska í Kita, um 5 tíma akstur norður af Narena. Þar hittist kristið fólk og aðrir áhugasamir og eru með biblíulestra og samkomur. Ég var þarna í fyrsta skipti og hreifst mjög. Sex unglingar og einn fullorðinn voru á mótinu frá Narena.

Við höldum páskaveislu fyrir börnin í barnastarfinu laugardaginn fyrir páska. Við fengum tvær konur í heimsókn frá Bamako sem hafa verið leiðtogar á barnamótunum sem við höfum haldið. Þær útskýrðu boðskap páskanna fyrir krökkunum. Einnig sýndum við myndband sem tekið var í barnastarfinu á árinu.

Á annan í páskum höldum við páskaveislu fyrir þá sem vildu koma til okkar. Við borðuðum saman, hlustuðum á söng og boðskap páskanna sem sr. Samuel vinur okkar í Sibi flutti. 400 manns voru í garðinum okkar þegar mest var, börn, unglingar og fullorðnir. Það er gleðilegt að sjá að fólk vill koma til okkar þegar við bjóðum þeim þó að um kristna hátíð sé að ræða. Söngur og ræða var hljóðrituð og verður send út í svæðisútvarpinu hér.

FJÖLSKYLDAN OG STARFIÐ

Annars gengur lífið sinn vanagang hér í Narena. Naomi (5 ára) og Aron (3 ára) leika sér í garðinum og hjá nágrenna-



börnunum. Aníta er í fæðingarorlofi en heldur samt fundi í barnaklúbbnum og heimsækir konur í nágrenninu. Davíð litli fer stundum með og vekur mikla athygli í þorpinu. Ég sjálfur held áfram

að heimsækja fólk og er núna að undirbúa komu nýrra kristniboða sem koma í haust. Þá kemur kennari frá Noregi sem mun kenna Naomi sem byrjar í fyrsta bekk í haust. Það þarf að taka

í gegn húsin áður en kristniboðarnir koma og útvega tungumálakennara á bambara. Bergfrid sem hefur starfað með okkur fer heim til Noregs í sumar að loknu starfstímabili. Við munum sakna hennar en hlökkum líka til að fá nýja kristniboða til starfa.

BIBLÍAN ÞÝÐ

Við erum að vinna að þýðingu á Biblíunni á malínkeemálið. Bergfrid hefur unnið að þessu og verið í þverkirkjulegri biblíuþýðingarnefnd. Ég tek við starfi hennar og fer fljótlega á fyrsta nefndarfund minn í Kangaba þar sem tveir bandarískir biblíuþýðendur koma til að ræða við nefndina um byrjunarferli þýðingarverkefnisins. Þýðing Biblíunnar er mikil vinna.

Við metum fyrirbærir ykkar mikils.

Guð blessi ykkur.

Sveinn Einar

AÐILI AÐ KRISTNIBOÐSSAMBANDINU

Aðilar að Sambandi íslenskra kristniboðsfélaga (SÍK) eða Kristniboðssambandinu eru kristniboðsfélög og hinir svokölluðu einstaklingsaðilar. Elstu og fjölmennustu kristniboðsfélögin eru Kristniboðsfélag kvenna og Kristniboðsfélag karla í Reykjavík. Einstaklingsaðilar hafa þeir orðið sem eru ekki í neinu kristniboðsfélagi en vilja gjarnan vera félagsmenn í Kristniboðssambandinu. Í fjórðu grein reglna SÍK segir um einstaklingsaðild:

1. Einstaklingur, sem játar grundvallarreglur SÍK í fyrstu og annarri grein, getur orðið aðili að SÍK. (Sjá heimasíðuna sik.is)
2. Einstaklingsaðilar leggja SÍK lið eftir mætti og vinna að eflingu kristniboðsáhuga á meðal þjóðar vorrar.
3. Einstaklingsaðilar greiða árgjald, sem aðalfundur ákveður, í sjóð SÍK.

Einstaklingsaðilar sem hafa greitt árgjaldið, sem er 2.500 kr., hafa atkvæðisrétt á aðalfundi og geta setið í stjórn félagsins.

Kristniboðssambandið vill gjarnan að fleiri kristniboðsvinir gerist aðilar í félaginu, annað hvort gangi í kristniboðshóp eða gerist einstaklingsaðilar. Þeir sem hafa áhuga geta hringt á skrifstofuna í síma 5334900 eða sent tölvupóst á [netfangið sik@sik.is](mailto:sik@sik.is) Kristniboðsvinir og áskrifendur Kristniboðsfrétta eru hvattir til að láta í sér heyra.

VON Í STAÐ ÓTTA

Bannað er nafn á þætti á Sat-7 sjónvarpsstöðinni sem sendir út á arabísku. Þátturinn fjallar um viðkvæm og umdeild mál í arabískri menningu út frá kristnu sjónarhorni, má þar nefna umræður um ættleiðingar, mansal, trúskipti og kynferðislegt ofbeldi. Um slík mál hefur ekki mátt ræða í hinum arabíska menningarheimi.

Stjórnandi þáttarins, dr. Imed Dabbour, segir áhorf hafa aukist gríðarlega. „Þegar við hófum að senda út þáttinn *Bannað* og fólk þekkti mig á götu kom það með móðgandi og niðrandi athugasemdir. Ef fólk sér mig í dag vill það fá að taka mynd af mér! Viðhorfin hafa gjörbreyst. Undanfarið höfum við náð mikilli athygli með umræðu um frelsi til að trúa því sem maður telur rétt.“

Dr. Dabbour segir að frelsi til að trúa sé framandi hugsunarháttur þar sem í arabískri menningu sé litið svo á að maður fæðist til ákveðinnar trúar. Margir líta á trúskipti sem guðlast og afbrot og í sumum löndum liggja viðurlög við því. Í þættinum *Bannað* er rætt opinskátt og af yfirvegum um þetta og önnur viðkvæm umdeild mál.

Sat-7 hefur að markmiði að veita kirkjum og kristnu fólki í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku tækifæri til að vitna um Jesú Krist í gegnum áhugavekjandi, upplýsandi og menntandi sjónvarpsstöð. Þetta verður ekki gert með hatri eins og fyrstu gagnrýnendur þáttarins óttuðust. Eina leiðin til að gera þetta er að kynna kærleika og fyrirgefningu Krists og láta þá sem leita huggast.

„Með því að sýna kærleika Jesú, án þess að ráðast á trú annarra, er lykillinn að góðum árangri þáttarins. Viðbrögðin

eru gífurleg. Ótti er að breytast í von“, segir Dabbour að lokum.

Sat-7 hefur áhrif á viðhorf manna til kirkjunnar og Krists. Dr. Terence Ascott, stofnandi Sat-7, segir: „Við horfum til barnanna þegar kemur að viðhorfsbreytingum. Við viljum sýna þeim jákvætt fordæmi svo persónuleiki þeirra þroskist á heilbrigðan hátt.“

Þættir stöðvarinnar ná til ungs fólks. Samkvæmt könnun horfa um 10 milljónir barna og unglinga undir 16 ára aldri reglulega á barnarás Sat-7. Þetta er arabaheimur framtíðarinnar – vonin um jákvæðar breytingar í þessum heimshluta.

(Heimild: Sat7)



Dr. Imed Dabbour, stjórnandi þáttarins *Bannað*.

KRISTNIBOÐSKYNNINGAR

Stór hluti af vinnu minni er að kynna starf Kristniboðssambandsins.

Fljótlega eftir að ég tók við starfinu voru samþykktar í Reykjavík reglur sem bönnuðu allar heimsóknir trú- og lífsskoðunarfélaga, m.a. heimsóknir Gídeonfélagsins í grunnskóla.

Þótt reglurnar sem slíkar ná í reynd aðeins til skóla í Reykjavík þá er þetta neikvæða viðhorf til kristilegs fræðslu- og boðunarstarfs í skólum landlægt. Af þessum sökum hef ég lagt áherslu á að komast að í ferlingarundirbúningi, barnastarfi kirkjunnar, KFUM/K deildum og víðar. Það er þakkarvert hve vel flestir prestar þjóðkirkjunnar og fríkirkna hafa viljað taka á móti fulltrúa kristniboðsins.

Starf kristniboðsins og saga þess er auðvitað mikilvægt í þessum kynningum en þær eru þó fyrst og fremst notaðar til þess að fá krakkana til þess að opna hjörtu sín fyrir kærleiksboðskap Jesú Krists og sjá að hið góða er sterkara en hið illa í þessum heimi; og þessi kærleikur á sér nafn sem er öllum nöfnum æðra, Jesús Kristur. Að þessi kærleikur umbreyti hjörtum fólks, jafnvel þeirra sem þekkja ekkert annað

en að lifa í ótta við djöfulinn og anda forfeðranna. Að þegar fólk játar syndir sínar og iðrast frammi fyrir Guði og mönnum og trúir á Jesú þá hljóta menn nýtt líf, nýja sýn, nýtt viðhorf og von sem er öllu öðru meiri.

Ég legg allt sem mér er falið í þessar kynningar; en veit sem er að það er Guð sem gefur vöxtinn. Þess vegna bið ég til Guðs eftir hverja kynningu, ég bið í bálnum mínum eða annars staðar fyrir börnunum sem ég var að tala til. Það er ekki mitt að meta hve vel kynningarnar hafa gengið eða hver ávöxturinn af þeim er. Ég hitti flest barnanna bara einu sinni; það er auðvitað lítið, en kannski er það bara jákvætt í sjálfu sér því boðskapurinn er svo skýr og beittur um sigur ljóssins í lífi svo margra á kristniboðsákrinum.

Auk kristniboðskynninga á meðal barna fer ég og hitti fjölmarga full-orðinshópa, t.d. öldrunarstarf í kirkjum, kristniboðshópa og félög á borð við Rotary o.fl. Boðskapurinn og fræðslan er í reynd með svipuðum hætti og hjá börnunum. Mér hefur þótt áhugavert að sjá hve greiða leið boðskapurinn og fræðslan um mikilvægi kristniboðs á

oft að hjörtum fólks. Andlegt hungur er staðreynd á Íslandi.

Það eru forréttindi að fá að fara á milli og segja frá Jesú. En það geri ég ekki í eigin mætti; biðjið Guð að blessa allt starfið og að Guð kalli á fleiri og að vakning megi verða á Íslandi.

*Bróðurkveðja,
Kristján Þór Sverrisson*



SÓLNING

Renndu við

STUTTAR FRÉTTIR

GÓÐ HEIMSÓKN Í KRISTNIÐÓÐSUIKU

Kristniðóðsvika var haldin fyrstu vikuna í mars. Fjórir einstaklingar frá ungliðahreyfingu NLM (Norska kristniðóðsambandsins), NLM-Ung, komu til að taka þátt í seinni hluta vikunnar og efla tengslin við Kristniðóðssambandið, sérstaklega við unga fólkið. Hans Kristian Skaar, framkvæmdastjóri NLM-Ung sagði frá starfinu í Noregi, Marianne Tormodsæter guðfræðinemi við Fjellhaug Internasjonale Høgskole sagði frá fræðslumálum og TEFT sem staðið hefur fyrir styttri ferðum og biblíuskóla á kristniðóðsákrinum, einkum í Afríku og Suður-Ameríku. Auk þess komu ung kristniðóðshjón sem hafa starfað í austurhluta Afríku meðal múslima. Samverur vikunnar voru vel sóttar, blessunarríkar og góð hvatning.



MINNINGARDAGSKRÁ UM INGUNNI GÍSLADÓTTUR

Á miðvikudagssamkomu kristniðóðsvikunnar var sérstök minningardagskrá um Ingunni Gísladóttur, hjúkrunarfræðing og kristniðóða, sem lengi starfaði í Konsó en í ár eru 60 ár frá því hún hélt þangað til starfa. Við undirbúning dagskrárinnar var talað við nokkra samstarfsmenn Ingunnar, m.a. Margréti Hróbjartsdóttur og Katrínu Þ. Guðlaugsdóttur og þau sýnd á samkomunni. Við minnumst Ingunnar með þakklæti. Hún var brennandi í andanum og ósérhlífin í alla staði.

NORRÆNT SAMSTARF UM TJALDGJÖRÐARKRISTNIÐÓÐ

Fimm fulltrúar frekar smárra kristniðóðssamtaka á Norður-löndum hittust hér á landi í mars og ræddu það sem kallað er tjaldgjörðarkristniðóð. Í því felst að fólk fer til vinnu á almennum vinnumarkaði í öðrum löndum og notar frítíma

sinn markvisst til boðunarstarfs. Samtökin kallast Norðisk Teltmaker Netværk og hefur verið við lýði í þrjú ár og á Kristniðóðssambandið aðild að því.



MÁLSTOFA UM ÓLAF ÓLAFSSON, KRISTNIÐÓÐA

Í tilefni af 200 ára afmælisári Hins íslenska biblíufélags var haldin haldin málstofa í samstarfi við Kristniðóðssambandið um kristniðóðann Ólaf Ólafsson. Málstofan var haldin þriðjudaginn 21. apríl í Kristniðóðssalnum, Háaleitisbraut 58-60.

Í ágúst á þessu ári eru 120 ár liðin frá fæðingu Ólafs en hann starfaði sem kristniðóði í Kína í 14 ár, sat í stjórn Biblíufélagsins og tók mjög virkan þátt í starfi þess, m.a. sem ólaunaður erindreki. Ólafur átti einnig mikinn þátt í stofnun Gídeonfélagsins á Íslandi.

Barnabarn Ólafs, Margrét Jóhannesdóttir, hjúkrunarfræðingur, flutti erindið „Afi minn, Ólafur Ólafsson“ og Ragnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Kristniðóðssambandsins, flutti erindið „Ólafur, kristniðóði með sýn á útbreiðslu Biblíunnar“. Sýnt var brot úr kvikmynd Ólafs um Kína og lesið úr frásögn af lífi hans þar.

Á annað hundrað manns mættu á málstofuna. Ólafur Egilsson, fyrrum sendiherra og stjórnarmaður HÍB, stjórnaði málstofunni.

AÐALFUNDUR KRISTNIÐÓÐSSAMBANDSINS

Aðalfundur SÍK var haldinn miðvikudaginn 13. maí. Þar fóru fram venjuleg aðalfundarstörf, skýrslur og reikningar kynntir og ýmsir þættir starfs SÍK heima og erlendis ræddir. Í stjórn voru kosin Ólafur Jóhannsson, Birna Gerður Jónsdóttir og



Haraldur Þórðarson sem tóku sæti Haraldr Jóhannssonar, Katrínar Ásgrímsdóttur og Péturs Ásgeirssonar en ekkert þeirra gaf kost á sér aftur. Í varastjórn voru kosnar þær Sveinbjörg Björnsdóttir og Ingveldur Ragnarsdóttir. Stjórnin skipti þannig með sér verkum að Ólafur Jóhannsson er formaður, Birna Gerður Jónsdóttir varaformaður, Guðlaugur Gunnarsson ritari, Kristján Sigurðsson vararitari og Hermann Bjarnason gjaldkeri.

Á aðalfundinum var samþykkt heimild til stjórnar um að kaupa húsnæði fyrir útibú Basarsins. Stjórnin hefur nýverið samþykkt að selja efri hæðina í Austurveri fyrir 15 milljónir króna. Þar verður þá lokað á milli og lyftan fjarlægð.

Tekjur ársins 2014 voru rúmar 63 milljónir króna og tekjuafgangur eftir skatta tæpar 900 þúsund. Stjórn Kristniboðssambandsins þakkar allar gjafir, smáar sem stórar. Þær hafa gert SÍK kleift að sinna starfinu eins og stefnt var að.

KAFFISALA 1. MAÍ

Hin árlega kaffisala Kristniboðsfélags kvenna 1. maí gekk mjög vel. Konunum og gestum eru færðar þakkir fyrir þátttökuna. Ágóðinn, tæpar 600 þúsund, rennur til kristniboðsins.

FRÍMERKI OG MYNT

Sala á frímerkjum og mynt gáfu kristniboðinu góðar tekjur á síðasta ári, rúmar þrjár milljónir króna. Tekið er við umslögum, frímerkjum og mynt í Basarnum í Austurveri, á skrifstofunni og í Litla húsinu á Akureyri.

BASARINN -ÓVÝRAR ÞÆKUR Í SUMARFRÍÐ

Nytjamarkaður Kristniboðssambandsins er í Austurveri, Háaleitisbraut 68 í Reykjavík. Nýjar vörur bætast við á hverjum degi, s.s. bækur, föt og skrautmunir. Það er sjálfsagt hvergi hægt að fá jafn ódýrt lesefni fyrir sumarfríð og í Basarnum. Þar er gott úrval af kiljum á íslensku svo og innbundnum skáldsögum og ævisögum. Ensar kiljur eru einnig fáanlegar á aðeins kr. 200 stykkið.

Ef þú ert að taka til þætti okkur vænt um að þú myndir eftir Basarnum. Gott væri að fá skrautmuni og eldhúsdót, en



það stoppar yfirleitt stutt við í búðinni.

Kærar þakkar til allra sem gefa trúfastlega á markaðinn, einnig þeim mörgu sem eru sjálfbóðaliðar. Fleiri sjálfbóðaliðar eru velkomnir í hópinn því nóg er að gera. Basarinn er opinn mánudaga til föstudaga kl. 11-18. Á þeim tíma er líka tekið við vörum. Hægt er að hafa samband í síma 5626700.

GJAFAKORT KRISTNIBOÐSSAMBAÐSINS

Kristniboðssambandið gefur út gjafakort sem hægt er að kaupa til að gefa við hin ýmsu tækifæri. Með kaupum á kortunum er verið að styrkja ákveðinn hluta kristniboðsstarfsins s.s. laun prédikara, lestrarkennslu, fátæk börn, íþróttastarf, útvarps- og sjónvarpskristniboð, byggingu skóla, sjúkrahúss eða kirkju og fleira. Kortin eru litrík og falleg og á þeim stendur hvaða málefni er styrkt. Hvetjum við kristniboðsvini til að kaupa kortin þegar þeir ætla að gleðja vini og vanda-menn. Þau eru nýjung í fjáröflun félagsins.

FRÉTTIR AF KRISTNIBOÐUM

LEIFUR OG FJÖLSKYLDA Á LEIÐ TIL JAPAN

Leifur Sigurðsson og fjölskylda hans halda aftur til starfa í Japan um mitt sumar. Leifur hefur starfað fyrir Kristniboðssambandið hér heima í vetur, verið með margar kristniboðsskyrningar í kristniboðshópum, kirkjum og víðar. Hann heimsótti einnig Akureyri, Egilsstaði og Stykkishólm og var þar á samkomum og fundum og kynnti starfið í Japan. Leifur er kvæntur Katsuko Sigurðsson sem verður vígð til kristniboðsstarfa á kristniboðsmótinu á Löngumýri í sumar. Þau eiga þrjú börn. Í Japan munu þau búa og starfa í borginni Kobe. Kristniboðsvinir eru minntir á að biðja fyrir fjölskyldunni.

EPÍÓPÍA

Karl Jónas Gíslason heldur ásamt þremur ungmönnum til starfa í Epíópíu í haust. Ungmennin fóru í hina svokölluðu Krung-ferð síðast liðið sumar og bjóða sig nú fram sem sjálfbóðaliðar í þrjá mánuði. Starfssvæði þeirra verður í suðurhluta Epíópíu. Biðjum fyrir störfum þeirra en skortur er á kristniboðum í Epíópíu.

VÖXTUR OG ÁSKORANIR Í STARFINU Í KENÍU



Greinarhöfundur í Kalodeke, við landamæri Úganda.

Undirritaður hélt, ásamt Hermanní Bjarnasyni gjaldkera Kristniðóðssambandsins, í vinnuferð til Keníu í mars. Tilgangurinn var í fyrsta lagi að kynna betur útbreiðsluverkefni kirkjunnar sem við höfum styrkt undanfarin ár og í fyrra með rúmlega milljón íslenskra króna.

Starfið er skipulagt og framkvæmt af heimamönnum, fjórum prestum sem fá einnig aðstoð frá nokkrum prédikurum. Fjarlægir staðir sem eru án alls kirkjustarfs eru heimsóttir og fagnaðararindið boðað. Við heimsóttum þrjá staði þar sem starfað hefur verið í um

það bil ár. Var okkur tekið fagnandi og góður hópur fólks var saman kominn á þeim öllum. Ávörp, vitnisburðir og hvatningarorð voru flutt og allir ánægðir að heimsókn lokinni, bæði gestir og heimamenn. Þessir staðir lágu á vesturmörkum norðurhluta Pókothéraðs, eiginlega á landamærum Úganda, á austurmörkum héraðsins við Túrkanahéraðið og í miðju Pókothéraðs. Ferðirnar voru ekki langar í kílómetrum en krefjandi á erfiðum vegum og hálfgerðum vegleysum. Mjög ánægjulegt var að hitta fólkið augliti til auglitis, eiga samfélag við það, biðja með því og geta sagst biðja með því áfram þó svo í fjarlægð verði.

Í öðru lagi heimsóttum við nokkra skóla sem við höfum styrkt eða verið beðnir um að styrkja, bæði grunnskóla og framhaldsskóla, þar sem húsakostur hamlar frekara skólastarfi. Þar á meðal var framhaldsskóli stúlkana í Propoi, framhaldsskólarnir í Kongelai, Embo Asis og Chepynyal. Ánægjulegt var að hitta fyrir áhugasama nemendur og dugmikla kennara með háleitar hugsjónir og markmið fyrir sig og nemendur sína. Eftir heimsókn í þessa skóla fyllist maður bjartsýni á framtíð héraðsins.

Í þriðja lagi heimsóttum við gömul starfssvæði í Chepareria, Kapengúría og Kongelai þar sem íslenskir kristniðóðar hafa verið að störfum á liðnum tæpum 40 árum. Alls staðar var okkur vel tekið, áttum góðar samræður og samfélag og fórum heim uppörvaðir og þakklátir fyrir starf sem borið hefur



Nújasta heimavistin við framhaldsskóla stúlkana í Propoi.

mikinn ávöxt og Drottinn hefur blessað á margan hátt. Þökk sé honum og þeim sem hafa gefið til starfsins og stutt með fyrirbænum og umhyggju fyrir því á þessum tíma.

Loks var fjórði tilgangurinn að kynna okkur stöðu fjármála, fara yfir og endurskoða þau verkefni sem við höfum styrkt og gefa ráð um framtíðina. Þessi þáttur var að mestu í höndum samferðamanns míns, enda hans sérsvið.

Að lokinni ferð stendur eftir þakk-

læti fyrir að hafa fengið og fá áfram með beinum og óbeinum hætti að styrkja og taka þátt í kristniboðsstarfinu í Keníu. Heimamenn sinna flestum störfum og gera það vel og eflast eftir því sem tíminn líður. Margt gott starfsfólk vinnur fyrir kirkjuna, bæði á launum og sem sjálfboðaliðar, fólk sem hefur upplifað kærleika Guðs og mátt hans til að umbreyta fólki með náð og fyrirgefningu sinni. Megi Guð áfram blessa starfið í Keníu.

Ragnar Gunnarsson



Heimavist stúlkna í framhaldsskólanum í Embo Asis. 87 stúlkur búa í húsinu sem er 135 fermetrar.

KRISTNIBOÐSMÓT Á LÖNGUMÝRI Í SKAGAFIRÐI 17.-19. JÚLÍ 2015

Sumarmót Kristniboðssambandsins að Löngumýri í Skagafirði verður haldið helgina 17.-19. júlí. Fjölbreytt dagskrá verður alla helgina. Lögð verður áhersla á gott og uppbyggilegt samfélag um Guðs orð og kristniboð. Samson Lokipuna, biskup í Pókot í Keníu verður gestur mótsins. Katsuko, eiginkona Leifs Sigurðssonar, kristniboða í Japan, verður vígð til kristniboða á mótinu.

Á milli samverustundanna verður tækifæri til að spjalla saman, kynnast nýjum vinum og njóta náttúrunnar í Skagafirði. Eins er gott að slaka á og láta sér líða vel í heita pottinum á Löngumýri. Í nágrenni Löngumýrar er líka margt áhugavert að skoða og njóta.

Frekari upplýsingar um mótið fást á skrifstofu Kristniboðssambandsins, Háaleitisbraut 58-60, sími 533 4900, en skráning fer fram á Löngumýri í síma 453 8116.

Dagskrá:

Föstudagur 17. júlí

Kl. 21.00 Upphafssamkoma. Hugvekju flytur Samson Lokipuna, biskup í Keníu.

Laugardagur 18. júlí

Kl. 10.00 Biblíulestur í umsjá Skúla Svavarssonar.

Kl. 11.00 Umræður í hópum.

Kl. 17.00 Kristniboðssamvera og kristniboðavígsla. Katsuko Sigurðsson, eiginkona Leifs Sigurðssonar, verður vígð til kristniboðsstarfa í Japan. Samson Lokipuna segir frá starfi Lútersku kirkjunnar í Pókot í Keníu.

Kl. 21.00 Vitnisburðar- og bænasamkoma í umsjón Kristniboðsfélags karla í Reykjavík.

Sunnudagur 19. júlí

Kl. 11.00 Guðspjónusta í Miklabæjarkirkju. Sr. Dalla Þórðardóttir þjónar fyrir altari og sr. Ragnar Gunnarsson prédikar.

Kl. 14.00 Kveðjusamkoma. Hugvekju flytur Samson Lokipuna.

SJÓNVARPSSKÓLI FYRIR BÖRN FLÓTTAMANNA

Sat-7 kids, barnarás Sat-7 sjónvarpsstöðvarinnar, sýnir kennslustundir ætlaðar börnum frá Sýrlandi og Írak sem búa í flóttamannabúðum og hafa ekki sökum átaka heima fyrir möguleika á að ganga í skóla og fá því litla eða enga kennslu. Sýrlenskir flóttamenn eru rúmar þrjár milljónir og nær helmingur þeirra er undir 18 ára aldri. Að auki eru 3-4 milljónir barna á vergangi innan Sýrlands og Íraks.

Mörg börn sem hrakist hafa að heiman eða búa í flóttamannabúðum, geta horft á sjónvarpsstöðina Sat-7 kids. Stöðin hóf útsendingar á þætti sem kallast *Skólinn minn* um miðjan mars. Þættirnir eru sýndir fimm daga vikunnar. Þátturinn er 90 mínútna langur og í honum er ungum áhófendum kenndar grundvallarnámsgreinar svo sem arabíska, enska og stærðfræði.

„*Skólinn minn* er einstakt tækifæri fyrir börn til að læra þótt þau gangi ekki í hefðbundinn skóla. Sjónvarpsstöðin lítur á það sem forréttindi að geta hjálpað þessum börnum að halda áfram námi með því að horfa á sjónvarp“, segir Rita Elmounayer, framkvæmdastjóri Sat-7 barnarásarinnar og Sat-7 arabísku rásarinnar.

FJÁRFESTING

„Með því að mennta týnda kynslóð flóttamanna, sérstaklega frá Sýrlandi og Írak erum við að fjárfesta, ekki bara í framtíð þeirra, heldur framtíð arabaheimsins. Með því að kenna þeim að lesa og skrifa gefum við þeim

tækifæri á áframhaldandi námi, að kynnast mismunandi sjónarmiðum, veitum þeim möguleika að leita sér atvinnu síðar og að lokum að hjálpa til við mótun samfélags og hafa jákvæð áhrif á arabaheim morgundagsins. Það er mikil blessun að stjórna verkefni sem þessu“, segir Rita Elmounayer.

BÖRNIN GETA TEKIÐ PRÓF

Kennarar þáttanna eru menntaðir kennarar og sérhæfðir í að kenna börnum sem búa við erfiðar aðstæður. Kennslustundir þeirra vekja áhuga og eru skemmtilegar. Áhorfendur eru hvattir til að taka þátt í spurningakeppni og námsleikjum. Lögð eru próf fyrir börnin svo þau geti fylgst með framförum sínum. Þá hafa framleiðendur hug á að vinna nánar með samtökunum *Heart for Lebanon* til að komast í betri tengsl við börn í flóttamannabúðum.

Börn með mismunandi bakgrunn í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku geta notið góðs af kennslunni sem sýnd er í skólastofu sjónvarpsstöðvarinnar. Kristniboðssambandið styður sjónvarpsstöðina Sat-7 með árlegu fjárframlagi.

(Heimild: Sat-7)



ÞÖKKUM EFTIRTÖLDUM AÐILUM VEITTAN STUÐNING

Reykjavík

ABC-Barnahjálpi
Auglýsingastofan ENNEMM
Á.K. Sjúkraþjálfun ehf
Ásbjörn Ólafsson ehf
B. Ingvarsson ehf
Bílasmiðurinn hf
Brauhúsið ehf
Danica sjávarafurðir ehf
Efling stéttarfélag
Eignamiðlunin ehf
Endurskoðun og reikningsskil hf
Fastus ehf
Félag atvinnurekenda
Garðs Apótek ehf
Gjögur hf
GLÁMA-KÍM arkitektar
Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili
Guðmundur Arason ehf, smíðajárn
Guðmundur Jónasson ehf
Gullsmiðurinn í Mjódd
Halli gullsmiður
Hamborgarabúlla Tómasar - Við erum öll
jöfn
Hótel Leifur Eiríksson ehf
Hótel Viðey ehf - 4th Floor Hotel
Höfðakaffi ehf
Innnes ehf
Íslensk endurskoðun ehf
Íslenska auglýsingastofan
Kóráll sf
Kvika ehf
Kvikk þjónustan ehf
Landar ehf
Lífstykkiþjónustan ehf
Lögfræðiskrifstofa Tryggva Viggóssonar
Löndun ehf
Mannréttindaskrifstofa Íslands
Nói-Síríus hf
Nýi öskulóinn ehf
Orka ehf
Ó. Johnson & Kaaber ehf
Ólafur Þorsteinsson ehf
Pósturinn
SFR stéttarfélag í almannþjónustu
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs
Sportbarinn
Suzuki bílar hf
Tannlæknastofa Geirs A Zoega
Tónskóli þjóðkirkjunnar - Grensáskirkju
Útanríkisráðuneytið
Verkfræðistofan VIK ehf
Verslunin Rangá
Þorsteinn Bergmann ehf
Ögurvík hf

Seltjarnarnes

Nesskip hf

Kópavogur

Íslenskt marfang ehf
Potttagaldrar ehf
Rafmiðlun hf

Reiðhjólaverslunin Hjólið ehf
Veitingaþjónusta Lárusar Loftssonar
Vidd ehf, flisaverslun

Garðabær

Árvík hf
Garðabær
Geislatækni ehf-Laser-þjónustan
Ísafoldarprentsmiðja ehf
Íslandsfundir ehf
Marás ehf

Hafnarfjörður

Ás, fasteignasala ehf
Endurskoðun Ómars Kristjánssonar slf
H. Jacobsen
Hrafnistuheimilin
Útvík hf
Viðir og Alda ehf

Reykjanesbær

Sigurjónsbakari
Verslunarmannafélag Suðurnesja

Grindavík

Hópsnes ehf
Marver ehf
Vísir hf
Þorbjörn hf

Mosfellsbær

Hestaleigan Laxnesi
Nonni litli ehf

Akranes

Practica, bókhaldsþjónusta
Verslunin Einar Ólafsson ehf

Borgarnes

Vélabær, bíla- og búvélaverkstæði

Stykkishólmur

Hvítasunnukirkjan Fíladelfía Stykkishólmi

Hellissandur

Kristinn J. Friðþjófsson ehf

Reykhlóahreppur

Þörungaverksmiðjan hf - Reykhólum

Ísafjörður

Tækniþjónusta Vestfjarða ehf

Bolungarvík

Bolungarvíkurkaupstaður
Glaður ehf
Ráðhús ehf

Patreksfjörður

Oddi hf, fiskvinnsla-útgerð

Tálknafjörður

T.V. Verk ehf

Hólmavík

Uggi SF-47

Árneshreppur
Hótel Djúpavík ehf

Blönduós

Húnavatnshreppur

Skagastönd

Skagabyggð

Sauðárkrúkur

Vörumiðlun ehf

Varmahlíð

Akrahreppur Skagafirði

Siglufjörður

Fjallabyggð

Akureyri

Grófargil ehf
Raftákn ehf - Verkfræðistofa

Dalvík

Vélvirki ehf, verkstæði

Egilsstaðir

Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf

Seyðisfjörður

Seyðisfjarðarkaupstaður

Reyðarfjörður

Launafl ehf
Tærgesen, veitinga- og gistihús

Eskifjörður

Fjarðarþing ehf

Neskaupstaður

Samvinnufélag útgerðamanna,
Neskaupstað

Selfoss

Flóahreppur
Lindin, verslun
Set ehf, röraverksmiðja

Hveragerði

Dvalarheimilið Ás
Heilsustofnun NLFÍ - heilsustofnun.is

Þorlákshöfn

Sveitarfélagið Ölfus

Ölfus

Eldhestar ehf

Vestmannaeyjar

Áhaldaleigan ehf
Ós ehf

Á DÖFINNI

SAMKOMUR ALLA MIÐVIKUDAGA Í SUMAR

Uppbyggilegar og fræðandi samkomur eru í Kristniboðs-salnum á Háaleitisbraut 58-60 hvert miðvikudagskvöld kl. 20:00. Allir eru hjartanlega velkomnir.

10. júní	Bjarni Gíslason fjallar um að hjálpa þeim sem þurfandi eru (5. Mós. 15.7-II). Löngumýrar-mótið verður kynnt.
17. júní	Engin samkoma verður á þjóðhátíðardaginn.
24. júní	Guðlaugur Gunnarsson ræðir um mildi Guðs (Míka 7.18-19).
1. júlí	Ræðumaður kvöldsins, Halldóra Lára Ás-geirsdóttir, fjallar um þjáningu og dýrðarfrelsi (Róm. 8.18-23).
8. júlí	Skúli Svavarsson ræðir um að best sé að fylgja því sem Guð segir (Lúk. 5.1-II).
15. júlí	Gestur samkomunnar er Samson Lokipuna, biskup frá Keníu.

Samkomurnar eru auglýstar í félagslífi Morgunblaðsins, á fésbókarsíðu og heimasíðu Kristniboðssambandsins.

HLAUPTU TIL GÓÐS

Reykjavíkurmaraþon – Hlaupum til styrktar kristniboðinu Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka 2015 fer fram laugardaginn 22. ágúst. Fjöldi þátttakenda hefur farið ört vaxandi undanfarin ár, voru 15.552 í fyrra og hafa aldrei verið fleiri. Kristniboðssambandið er eitt af



þeim góðgerðarfélagum sem hlaupa má fyrir og heita á í maraþoninu. Í fyrra söfnuðu hlauparar rúmum 300 þúsundum krónum til Kristniboðssambandsins. Skráning í maraþonið er hafin. Þátttakendur geta valið á milli sex vegalengda þ.e. maraþon (42,2 km), hálfmaraþon (21,1 km), boðhlaup (2-4 saman í liði hlaupa samtals 42,2 km), 10 km hlaup, 3 km skemmtiskokk og Latabæjarhlaup fyrir 8 ára og yngri. Skráning í Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka fer

fram á síðunni marathon.is. Hlauparar eru hvattir til að skrá Kristniboðssambandið sem sitt góðgerðarfélag. Mikilvægt er að hlauparar hvetji ættingja og vini að heita á sig í hlaupinu. Kristniboðssambandið hvetur lesendur Kristniboðsfrétta til að heita á hlaupara sem valið hafa að hlaupa til góðs fyrir Kristniboðssambandið.

HAUSTMARKAÐUR

Ráðgert er að halda hinn árlega haustmarkað kristniboðsins laugardaginn, 12. september. Ávextir, grænmeti, sultur, kökur og fleira matarkyns er vel þegið. Nánar auglýst er nær dregur.

BIBLÍUSKÓLINN HAUSTIÐ 2015 OG KRUNG 2016

Biblíuskólinn hefur aftur göngu sína í haust eftir sumarleyfi. Ný námskeið verða í boði og allir velkomnir. Þau ungmenni sem hafa áhuga á Krung-ferð, kristniboðsferð unga fólksins, til Keníu sumarið 2016 er bent á að mikilvægt er að undirbúa sig vel og því verður í boði sérstakt námskeið í Biblíuskólanum ætlað þeim.

LÁTUM SKÓNA GANGA AFTUR

Skógámar Kristniboðssambandsins eru á öllum Sorpu-stöðvum höfuðborgarsvæðisins og minnum við velunnara kristniboðsins á að setja gömlu skóna sína í gámana. Í fyrra söfnuðust rúmar fjórir milljónir króna fyrir notaða skó.

MISSION-NET UM ÁRAMÓTIN Í ÞÝSKALANDI

Dagana 28. desember 2015 til 2. janúar 2016 verður kristniboðsráðstefnan Mission-Net Congress haldin í borginni Offenburg í Þýskalandi. Á Mission-Net, sem haldið er annað hvert ár, er búist við 2500 ungmennum á aldrinum 18-30 ára frá 50 löndum.

Kraftmikill og krefjandi boðskapur, innileg lofgjörð, glæsileg kristniboðssýning, hópumræður, áhugaverðar málstofur, boðunarferðir.... eru aðeins hluti af því sem í boði er á þessu stórkostlega evrópska kristniboðsmóti.

Áhugasamir geta kynnt sér mótið á síðunni: <http://new-congress-site.mission-net.org/> og einnig má hafa samband við skrifstofu Kristniboðssambandsins sem hvetur ungt fólk til að fara á þetta spennandi mót. Íslensk ungmenni hafa farið á mótið í mörg ár.

UL Í NOREGI

Norska kristniboðssambandið heldur árlegt sumarmót fyrir ungmenni sem kallast Ungdommens Landsmøte eða UL. Í sumar munu um 30 ungmenni frá Íslandi taka þátt í mótinu. Biðjum fyrir þeim.